

Svar við fyrirspurn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Fjöldi kaupsamninga vegna hlutdeildarlánaleiðar ríkisins

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, sem barst þann 28. maí sl., um fjölda kaupsamninga vegna hlutdeildarlána ríkisins. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Hvað hefur hlutdeildarlánaleið ríkisins skilað mörgum kaupsamningum til ungs fólks og fyrstu kaupenda í Reykjavík frá upphafi til þess dags sem fyrirspurninni er svarað?“

Fjármála- og áhættustýringarsvið leitaði upplýsinga hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sem hefur umsjón með afgreiðslu umsókna um hlutdeildarlán og úthlutun lána. Samkvæmt svari Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar hafa 780 umsóknir verið afgreiddar á landinu öllu frá því að opnað var fyrir umsóknir um hlutdeildarlán í nóvember 2020.

Af þeim 780 umsóknum sem hafa borist hefur 471 umsókn verið samþykkt en um 130 umsóknum verið synjað. Vegna þeirra 179 umsókna sem ekki hlutu framgang var um að ræða að viðkomandi umsækjandi hætti við umsókn eða að gögn vantaði til að klára umsókn.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur veitt 205 hlutdeildarlán og greitt út 1,6 milljarða króna vegna þeirra frá upphafi á landinu öllu. Byggingaraðilar hafa sótt um að byggja 3.580 íbúðir, 1.971 íbúð á höfuðborgarsvæðinu og 1.609 íbúðir á landsbyggðinni. Búið er að samþykkja 1.249 umsóknir byggingaraðila.

Varðandi Reykjavík sérstaklega hafa samtals 89 umsóknir verið samþykktar sem er 19% af heildarfjölda samþykktra umsókna, þar af hefur 67 hlutdeildarlánnum nú þegar verið úthlutað vegna íbúðakaupa í Reykjavík sem er 33% af veittum lánnum.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.